

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

1. Vöggustofunefnd

Lagt er til að fjárheimildir sameiginlegs kostnaðar, ÖNN 09510 verða hækkaðar um 62.103 þ.kr. vegna heildstæðrar athugunar á starfsemi Vöggustofu að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -62.103
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur	Til 62.103
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs 13. júní 2024, mál MSS23120162, Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979 - Tillaga að tíma- og kostnaðaráætlun. Er þetta í samræmi við samþykkt borgarráðs 11. janúar 2024 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979 sem og samþykkt borgarráðs 15. febrúar 2024 um skipan nefndarinnar. Þá skal nefndin leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfi, auk áætlaðs kostnaðar. Áætlaður heildarkostnaður er 62.103 þ.kr.

2. Umdæmisráð barnaverndar

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verða hækkaðar um 9.810 þ.kr. vegna breytinga sem hafa átt sér stað á kostnaðarstað F1025, Umdæmaráð barnaverndar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -9.810
VEL	F1025	Umdæmaráð barnaverndar	Til 9.810
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021. Ein meginbreyting laganna er sú að frá og með 1. janúar 2023 var barnaverndarnefnd Reykjavíkur lögð niður og þar með valdsvið hennar. Þann dag tók Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur og umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur við verkefnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Umdæmisráð er ný eining innan stjórnkerfis sveitarfélaga sem er ætlað að tryggja faglega meðferð barnaverndarmála hjá sveitarfélögum. Ekki var gert ráð fyrir þessum breytingum innan kostnaðarstaðs F1025 þegar fjárhagsáætlun 2024 var unnin vegna óvissu um fyrirkomulag og starfsemi ráðsins. Hluti af samþykktum fjárheimildir barnaverndarnefndar voru því eyrnamerkt umdæmisráðinu til bráðabirgða, en nauðsynlegt er að fjárheimildir taki mið af breyttri starfsemi.

3. Stækkun á Mánabergi, vistheimilis barna

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 7.200 þ.kr. vegna stækkunar á Mánabergi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -7.200
VEL	xxx	Mánaberg, vistheimili barna	Til 7.200
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til 483. fundar velferðarráðs, 5. lið VEL24060029, frá 19. júní sl. þar sem fór fram kynning á stöðu mála varðandi tímabundið húsnæði fyrir vistheimilið Mánaberg. Ljóst er að starfsemi Mánabergs er löngu sprungin en haustið 2022 var sviðinu falið í samráði við Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar að finna hentugra húsnæði fyrir starfsemina. Nú hefur verið fundið húsnæði sem hentar starfseminni og ljóst er að því fylgir kostnaður við að aðlaga húsnæðið að þörfum starfseminnar ásamt því að grunn leiguverð hækkar. Mánaðarleg kostnaðaraukning er 1.800 þ.kr.

4. Skólaleikarnir

Lagt er til að fjárheimildir menningar – og íþróttasviðs verði hækkaðar um 18.000 þ.kr. vegna kostnaðar við norrænu grunnskólaleikana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -18.000
MÍR	xxx	Norrænu skólaleikarnir	Til 18.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur verið þátttakandi í þessum viðburði í mörg ár, og komið er að því að leikarnir séu haldnir í Reykjavík. Fjárveiting var samþykkt til verkefnisins við

fjárhagsáætlunargerð 2024 og er verið að flytja það fjármagn sem var búið að taka frá til menningar- og íþróttasviðs.

5. Ráðningar- og mannauðsmál í leikskólum

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs og mannauðs- og starfspróunarsviðs hækki um 29.597 þ.kr. vegna aukins stuðnings við ráðningar- og mannauðsmál í leikskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-29.597
SFS	D008	Mannauðsþjónusta SFS	Til	16.197
MOS	01470	Skrifstofa ráðningar og mönnunar	Til	11.400
MOS	xxx	Atvinnumál	Til	2.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 15. júní 2023, mál MSS23060087, tillögur vegna ráðninga í leikskóla Reykjavíkurborgar – tillögur að næstu skrefum í tengslum við að manna leikskóla og leikskóladeildir. Um er að ræða 12 mánaða verkefni sem hófst í skólabyrjun 2023 og er búið að bæta sviðunum þann kostnað sem hlaust af verkefninu árið 2023 og er hér verið að bæta seinni 6 mánuði.

6. Kjarasamningsbundnar hækkanir

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða hækki um 2.110.541 þ.kr. vegna kjarasamningsbundna hækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Laun- og starfsmannakostnaður	Frá	-2.110.541
BLÖ	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	404
END	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	876
FAS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	25.562
MÍR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	179.177
MAR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	1.277
MOS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	1.393
SBB	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	6.213
SBS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	1.111
SFS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	843.484
ÞON	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	32.071
USK	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	140.373
VEL	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	878.601
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar á kjarasamningum Sameykis, Eflingar, Slífi og Samiðn sem koma til hækkunar á árinu 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri